

Alþingi
Erindi nr. P 132/2172
komudagur 30. 5. 2006.

Sýslumannafélag Íslands

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2006

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

Sýslumannafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á þinglýsingalögum nr. 39/1978 með síðari breytingum, breytingu á siglingalögum nr. 34/1985, með síðari breytingum, breyting á lögum um nauðungasölu nr. 90/1991, með síðari breytingum og breyting á lögum um stimpilgjald nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Sýslumannafélagið tekur undir það markmið að tekinn verði upp samræmdur þinglýsingagrunnur á tölvutæku formi fyrir skip í gegnum Landskrá fasteigana og að fyrirkomulag á þinglýsingum á skip verði samræmt með tilkomu hans. Sí telur hinsvegar að tilfærsla á þinglýsingum á eitt embætti leiði ekki sjálfkrafa til einföldunar á ferlinu og telur að þjónusta við borgarana verði lakari fyrir vikið.

Með þeirri tækni, sem verið er að innleiða í Landskrá fasteigna, er hafin skönnun á þinglýstum skjölum þeim sem lögð eru inn til þinglýsinga. Auk þess verður mögulegt að skanna inn í kerfið áður þinglýst skjöl. Með því að þinglýsing skipa verður færð inn í Landskrá fasteigna opnast möguleikar á að kalla fram í þinglýsingakerfinu skönnuð þinglýst skjöl sem minnkar þörfina á framsendingu afrita þinglýstra skjala á milli umdæma. Vera kann þó að þinglýsingalögum þurfi að breyta til að leggja þær af með öllu.

Verði þinglýsingagrunnur skipa samtengdur aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands opnast jafnframt möguleikar á að opna fyrir aðgang þinglýsingarstjóra að gögnum skráðum af Siglingastofnun sbr. samber aðgangur þeirra að gögnum Fasteignamats ríkisins hvað varðar fasteignir. Gagnvirk samskipti þinglýsingastjóra og Siglingastofnunar Íslands varðandi breytta skráningu skipa og þinglýsingar geta átt sér stað með samræmdum og rafrænum hætti í gegnum umræddan tölvugrunn óháð fjölda þeirra embætta sem annast þinglýsingar á skip.

Frumvarpið tiltekur að þar sem þinglýsingar skipa færast á eitt embætti þá leiði það til þess að nauðungasölur skipa færast á sama embætti. Félagið telur ekki fullnægjandi rök standa til þess að færa þinglýsingar á skip á eitt embætti og þar af leiðandi leggst það gegn þeirri breytingu á nauðungasölulögum sem frumvarpið boðar. Félagið telur jafnframt að framkvæmd á nauðungasölum á skipum ekki verða einfaldaðar með því að færa þær á eitt embætti og aðgengi gerðarþola að fyrirtökum í nauðungasölumálum verði óviðunandi með breytingunni.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um efni einstakra greina frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sjá almenna hluta athugasemda.

Um 3. gr.

Ekki fæst séð hvaða réttaráhrif felast í móttöku skjala á öðrum embættum en embættinu á Ísafirði og ekki er skilgreint hvernig móttöku skjala skuli háttáð á öðrum embættum. Forsenda fyrir móttöku skjala á öðrum embættum er þar að auki of matskennd “þegar ytri aðstæður hamla eðlilegum flutningi” Hver metur það og hvernig á sá sem beiðist þinglýsingar eða móttökuembættið að vita hvort undanþágan er í gildi eða ekki? Er yfir höfuð ástæða til þess að skilyrða móttöku annara embætta á skjölum til þinglýsingar við ytri aðstæður sbr. orðalag 6. gr. frumvarpsins og í athugasemdum við 6. gr. sem gefur annað til kynna.

Verkaskipting milli embætta skv. frumvarpinu er of óljós og þarfnast frekari útlistunar t.d. með hvaða hætti skjal er afhent viðtakanda sem berst sýslumannsembættinu á Ísafirði rafrænt frá öðru embætti, sendir Ísafjarðarembættið skjalið beint á viðtakanda að þinglýsingu lokinni eða til móttökuembættis, frávísun skjala frá dagbók og þinglýsingu og hvernig skal leysa úr ef frá embættunum berast sama dag ósamrýmanleg skjöl varðandi skip?.

Ljóst er að þjónustan muni versna þegar horft er til þess að afgreiðslutími þeirra skjala sem aðilar mæta með á sýsluskrifstofur er víða einn sólarhringur ef skjalið er með sama hætti sótt en með póstsendingum mun sá tími lengjast. Einng verður erfiðara um vik fyrir aðila að leiðrétta smávægileg villur sem leitt geta til frávísunar skjals frá dagbókskráningu vegna formgalla.

Um 6., 8., 11., 12., 13., 14. og 15. gr.


Sjá almennar athugasemdir.

Um 18. gr.

Boðuð verkaskipting skv. frumvarpinu á milli embætta er of valkvæð og ekki er skilgreint með nægilega nákvæmum hætti hvert yrði umfang verkefnis þess embættis sem tekur að sér að bjóða upp skip í samræmi við ákvörðun sýslumannsins á Ísafirði. Hvernig skal standa að töku ákvörðunar um flutning á uppboði og eiga aðilar máls einhvern rétt til umsagnar um það? Hagsmunir aðila standa til þess að sem hæst verð fái fyrir eignina við nauðungasölu og að málið fái réttan framgang. Stendur verkefni til þess að bjóða skipið upp en úthlutunargerð uppboðsandvirðis og afsalsútgáfa yrði áfram á Ísafirði eða færist allt verkefnið yfir til þess embættis sem tekur við málinu skv. ákvörðun sýslumannsins á Ísafirði?.

Ennfremur er bent á að hafni sýslumannsembætti að taka við nauðungasölumáli frá Ísafirði kann skylda gerðarbeiðanda til að mæta á söluþing að vera vandkvæðum bundin auk þess sem gerðarþola og þriðja manni væri gert erfitt um vik að mæta á fyrirtökur vegna sölumeðferðar skipsins á Ísafirði en eigendur skipa og báta eru búsettir um allt land.

Það er mat undirritaðs að hagur aðila að nauðungasölumáli er betur tryggður með óbreyttu fyrirkomulagi.



F. h. Sýslumannafélags Íslands